


“Við fundum enga  
kreppu í  
barnaverndinni”

**Helga Jóhannesdóttir**  
**Málstofa Barnaverndarstofu**  
**29.okt.2007**



# Hverju miðla fjölmiðlar um barnavernd?

- Tal um kreppu algengt
- annaðhvort gera barnaverndarstarfsmenn of mikið (grípa óhóflega inn í einkalífið)
- eða of lítið (allt of mörg börn á vergangi)
  
- Orðið kreppa er endurtekið og almenningur fær sína vitneskju um barnaverndarmál aðallega gegnum fjölmiðla



# Þekking um barnavern

- Af 1000 manna úrtaki sögðust 88% fá vitneskju um barnavernd frá fjölmiðlum
- Þeir sem hafa kynni af barnavern eru jákvæðari enn þeir sem engin kynni hafa
- Barnaverndarstarfsmenn segjast óöruggir í viðtölum við fjölmiðla



---

# Hver er staðan?

- Arne Grönningssæter vísindamaður hjá rannsóknarsetrinu FAFO (Arbeidslivs- og velferdsforskning) hefur skoðað störfni hjá barnaverndinni og telur að stöðuna megi skoða frá eftirfarandi kreppuatriðum:



# Kreppumerki geta verið:

- Starfsmenn vinna störf sín illa og veita ekki þeim aðstoð sem þarfnast þess
- Notendur kvarta yfir þjónustunni og eru óánægðir
- Skipulagsrugl og óreiða um ábyrgð mála
- Skortur sé á kunnáttu og hæfni hjá starfsmönnum



---

# Litið um farinn veg...

- Er bara allt í lagi í starfsemi barnaverndarinnar í Noregi?
- Getum við sagt að barnaverndargrýlan sé dauð í Noregi?
- Lítum í grófum dráttum yfir þróun mála sl. 20 árin



# Ástandið haustið 1987

- Ein miðlæg barnaverndarskrifstofa í Ósló
- Hverfaskrifstofurnar voru að drukkna í fjárhagsaðstoðarmálum
- Barnaverndarmál sátu á hakanum
- Rannsóknir sem beindust að félagsmálaskrifstofum bentu á ómarkviss vinnubrögð, vöntun á kenningarþekkingu
- Skjólstæðingar voru óánægðir



# Svo fara að gerast breytingar..

- Blöðin skrifa um “möppubörnin” og kreppuna í barnaverndarmálum
- Ný ríkisstjórn stofnar “Barne- og familiedepartementet” og Mads Sandeman verður ráðherra þar.
- “Sandeman-fé” veitt í þjónustuna til að bæta ástandið, fjölga starfsfólki, efla viðbótarmenntun, þróa nýtt skipulag o.fl.





---

# Í framhaldinu

- Ný barnaverndarlög samþykkt 1992
- Frelsi til skipulags verður meira
- Ákvæði um tímafresti sett inn
- Krafa um skipulegri vinnubrögð
- Réttindi skjólstæðinga aukast
- Fylkisnefndir stofnaðar til að ákvarða í erfiðustu málunum



# Barnaverndarstörf öðlast viðurkenningu

- Mönnun á skrifstofum batnar
- Fjöldi rannsókna fer í gang
- Fleiri og fleiri barnaverndarstarfsmenn fara í framhaldsnám
- Doktorsritgerðir koma á færibandi
- Rannsóknarmenn keppast um styrkina til að gera rannsóknir á þessu sviði
- Blómstrunartímabil!!




# Fleiri sjónarhorn birtast

- Öflugt starf Félags fósturforeldra
- 1997 stofna barnaverndarbörn sín eigin samtök: Landsforeningin for barnevernsbarn
- Viðhorf til skjólstæðinga og tengsl milli starfsmanna og þeirra breytast
- Hugmyndafræðin fer frá vandamálageringu í átt að sjá getu fólks



# Skipulag barnaverndarmála í Noregi

- Breyting varð á árið 2004 þegar fagteymi voru mynduð í hverjum landshluta (5 regioner)
- Í hverju fagteymi vinna sálfræðingar, félagsráðgjafar, uppeldisráðgjafar og annað fólk með sérhæfingu innan barnaverndarmála.
- Veita barnaverndarstarfsmönnum í sveitarfélögum leiðsögn og ráðgjöf
- Bera ábyrgð á rekstri vistheimila, meðferðarheimila og finna fósturheimila

- 
- BUFETAT = barne, ungdom og familie etat <http://www.bufetat.no/>
  - BUFDIR = barne, ungdom og familie direktoratet
  - Nýja skipulagið var metið á ráðstefnu í fyrra. Nokkur sveitarfélög og borgir kvörtuðu yfir “gjá” á milli þeirra sem væru í grasrótavinnu og leiðbeinendanna.



# Tölulegar upplýsingar

- 40 400 börn nutu stuðnings frá barnaverndarþjónustunni árið 2006
- 10 000 af þessum börnum voru ný börn
- Mest fjölgar unglíngamálunum
- Í fjórða hverju máli sem kannað er, er það fjölskyldan, barnið eða nágrannar sem tilkynna
- Rúmlega 3000 starfsmenn (90% með háskólamenntun) (<http://www.ssb.no>)



# Hvað segja rannsóknir út frá viðmiðun um kreppu?

- Vinna starfsmenn störf sín illa og veita ekki þá aðstoð sem notendur eiga rétt á?
- Kvarta notendur yfir þjónustunni og eru óánægðir?
- Hvernig reynist skipulagið og er ábyrgð mála greinileg?
- Skortir starfsmenn kunnáttu og hæfni til að vinna störfin?



# Hvað segja svo rannsóknir?

- Úrræðum hefur fjölgað og þau eru fjölbreyttari. Aldrei hafa eins mörg börn fengið stuðning.
- Notendakannanir vitna um ánægju með þjónustu sem notendur fá, þó með undartekningum
- Rannsóknir milli borga, og á milli hverfa í Osló sýna að það er töluverður munur á forgangsröðun og vinnulagi





# Fjölbreytnin er mikil (væg)

- Unnið að þróun “evidensbasert” aðferða
- Reynsla komin á MST, PMT, Webster Stratton, ART,
- Flestir sjá að þessar aðferðir eru ekki launsin í öllum málum
- Unnið að þróun annarra leiða sem hvetja til samvinnu bæði milli sviða, og milli starfsmanna og notenda
- Fjölskyldusamráð, hóp-vinnu, efling staðbundinna aðgerða
- Starfsmannasögur



---

# Gæðamat og hæfni

- Gæði barnaverndarvinnu eru tengd þróuninni á hæfni/færni
- Fleiri og betur menntaðir starfsmenn starfa í barnaverndarvinnu
- Þörf er á betri rannsóknum sem sýna hvaða úrræði duga, þótt erfitt sé að mæla öll úrræði
- Barnaverndarstarfsmenn duglegir og áhugasamir í starfi



# Fleiri áhersluatriði

- Rannsóknir sýna að barnaverndar börn eiga sér oft erfitt fullorðinslíf
- Mikilvægt að huga að “fátæktinni”, ekki bara sálrænum tengslum
- Mikilvægt er að upplýsa almenning um starfið
- Efla samstarf milli vettvangs og rannsóknaaðila, og neytenda



---

# Er barnaverndargrýlan dauð?

- Ekki alveg, og kannski deyr hún aldrei
- En hún er töluvert máttlausari og vanmegnaðri